

Refsiréttarnefnd

Reykjavík, 13. desember 2002.

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
150 Reykjavík

Refsiréttarnefnd vísar til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis 21. nóvember sl., þar sem þess er farið á leit að nefndin láti í té umsögn um frumvarp til laga um verðbréfavíðskipti. Með vísan til verksviðs nefndarinnar mun sú umsögn sem hér fer á eftir einvörðungu taka til viðurlagaákvæða þessara frumvarpa.

Í 54. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn ákvæðum 47.–51. gr. um innherjavíðskipti. Refsiréttarnefnd telur að gjalda beri varhuga við að heimila stjórnvaldi sem hefur eftirlit með framkvæmd tiltekinna laga að beita stjórnvaldssektum vegna ætlaðra brota á lögnum. Bent er á að venjulega er óhjákvæmilegt að framkvæma einhverja rannsókn á ætluðu lagabroti áður en máli verður lokið með refsingu. Rannsókn á ætlaðri refsiverðri háttsemi er almennt í höndum lögreglu og refsíákvörðun á verksviði dómstóla. Refsiréttarnefnd telur að ríkar ástæður þurfi til að víkja frá þessari grundvallarskipan og fær ekki séð að þær séu til staðar í þessu tilviki. Því leggur nefndin til að fallið verði frá áformum í frumvarpinu um að Fjármálaeftirlitið beiti stjórnvaldssektum vegna brota á lögnum, en nefnir þess í stað þann kost að Fjármálaeftirlitið fái heimild til að beita dagsektum vegna tiltekinna vanrækslubrota, t.d. vegna brots á skyldu samkvæmt 49. gr. frumvarpsins.


Verði ekki fallist tillögu refsiréttarnefndar um að falla frá ráðagerðum um stjórnvaldssektir vill nefndin taka fram að hún telur verulegan annmarka á frumvarpinu að þessu leyti. Í 54. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn 47.–51. gr. Í 4. tölul 1. mgr. 55. gr. er síðan gert ráð fyrir að almennar reglur um saksókn gildi vegna brota á sömu lagaákvæðum. Refsiréttarnefnd telur þessa skipan, að mæla annars vegar fyrir um refsíákvörðun stjórnvalds og hins vegar venjulega refsimeðferð vegna brots á sömu lagaákvæðum, óráðlega og reyndar ekki geta komið til greina nema skýrt og

afráttarlaust sé ákveðið hver taka skuli ákvörðun um hvorri málsmeðferðinni skuli beita.

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting frá refsíákvæðum gildandi laga um verðbréfavíðskipti, nr. 13/1996, að lýst verði nánar þeim brotum sem refsing er lögð við í stað hefðbundinna ákvæða, sem leggja almennt refsingu við brotum á viðkomandi lögum, án nokkurrar sjálfstæðar verknaðarlýsingar. Að mati refsiréttarnefndar er lagasetning af þessu tagi í mun betra samræmi við meginregluna um lögbundnar refsíheimildir, sbr. 1. gr. almennra hegningarlaga og 69. gr. stjórnarskrárinnar, og óskráðar kröfur um skýrleika refsíheimilda. Þá telur nefndin einnig til bóta að í 56. og 57. gr. frumvarpsins eru lögð til mismunandi refsímörk vegna brota eftir alvarleika þeirra.

Að öðru leyti en hér hefur verið rakið gerir refsiréttarnefnd ekki athugasemdir við viðurlagaákvæði frumvarpsins. Ef þess er farið á leit er nefndin eða fulltrúi hennar reiðubúinn til frekari viðræðna um efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. refsiréttarnefndar



Benedikt Bogason, formaður.